

DEILD: AÐALFUNDUR

Skráar eigandi		Öryggi	Skráar heiti	
Stjórn				
Útbúið af		Yfirfarið af	Samþykkt af	Samþykki ytri aðila
Nafn	Lilja Tryggvadóttir	Stjórn		N/A
Dagur	2025-May-28	-	-	N/A
Fundarstjóri: Anna Björg Guðjónsdóttir				
Efni fundar: Aðalfundur Orkuklasans				
Dagsetning: 28. maí, miðvikudagur - 2025				
Tími: 10:00 til 12:00				
Staðsetning: Verkís				
Mættir: 35 manns				
Fundarritari: Lilja Tryggvadóttir				

Dagskrá:

- Ávarp, Jóhann Páll Jóhannsson
- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar um liðið starfsár
- Reikningar liðins árs
- Fjárhags og starfsáætlun næsta árs og tillögur að breytingu á gjaldskrá
- Tillögur að breytingum á samþykktum
- Kjör stjórnar
- Kjör endurskoðanda reikninga
- Önnur mál

Umfjöllun fundar:

Trúnaður

Þær upplýsingarnar sem settar eru fram í þessu skjali eru eign Orkuklasans og skulu ekki notaðar í öðrum tilgangi en þeim sem eru tengd verkefnum Orkuklasans nema liggi fyrir skriflegt samþykki sem kveður á um annað frá Orkuklasanum. Um innihald þessa skjals gildir trúnaður og þar af lútandi er óheimilt að deila þeim upplýsingum án skriflegs samþykkis frá Orkuklasanum. Þess lags deiling skal einungis gerð að því marki að tryggt sé að samstarfsaðilar geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart Orkuklasanum. Eingöngu er heimilt að deila til einstaklinga sem hafa verið upplýstir um og hafa samþykkt að fylgja kröfum um trúnað. Afrit eða útdrættir sem innihalda upplýsingar sem koma fram í þessu skjali skal meðhöndla á sama hátt (ef heilmild liggur ekki fyrir slíku) og ber að afhenda til Orkuklasans þegar þess er óskað.

1. Ávarp

Ráðherra umhverfis, orku og loftslagsmála, Hr. Jóhann Páll Jóhannsson, ávarpar fundargesti og gerir að umfjöllunarefni raforkukostnað sem hefur verið lægri á Íslandi en í Evrópu síðustu ár og hækkun á þessu ári óveruleg ef horft er til markaðar í Evrópu en ábyrgðarhlutverk að halda þessari sérstöku stöðu á Íslandi til að tryggja heimilum hagstætt verð. Raforkuskortur blasir við mögulega á næstu fjórum árum og ekki nóg að stækka núverandi virkjanir heldur mikilvægt að setja aukinn kraft í einföldun regluverks, ryðja burt hindrunum og greiða fyrir fjárfestingum og nýframkvæmdum í vatnsafli, jarðvarma og vindorku.

Nýjar verklags og umboðsreglur í ráðuneytinu til að auka málshraða og afkastagetu stofnunarinnar um 50%. Aukin snjallvæðing og samvinna í gagnamálum ásamt lagabreytingum sem liggja fyrir á þingi um leyfisferli og einföldun rammaáætlunnar þá ætti að vera hægt að tryggja að leyfisferill nýframkvæmda styttest almennt. Orkunýting rammaáætlunnar fái sérstaka forgangsmeðferð hjá orkustofnun. Almennt átak í leit og nýtingu að jarðhita sérstaklega á krefjandi (köldum) svæðum. Vöntun á skýrri strategíu fyrir jarðhitann á Íslandi, þurfum að setja saman leiðarvísi að því hvernig við höldum forskoti í nýtingu á jarðhitaauðlindum. Setja aukinn kraft í djúpbörðunarrannsóknir og að hið opinbera geti komið inn í það beint. Stutt betur við þekkingarútflytning á sviði jarðvarma og gert greinina meira spennandi fyrir námsmenn. Umhverfis, orku og loftslagsráðuneyti ber ábyrgð á að standa vörð um nátturuperlur okkar en einnig um raforkukerfið – hagvaxtar ráðuneyti, ryðja burt hindrunum, reglubyrði og skriffinnsku. Tryggja að eftirspurn í raforku verði mætt með grænni orku sem ýtir undir spennandi atvinnugreinar.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara (Árni)

Tillögur um að Anna sé fundarstjóri og Lilja fundarritari voru samþykktar með lófaklappi.

Fundarstjóri fer yfir að aðalfundur er löglega boðaður og engar athugasemdir gerðar við því

3. Skýrsla stjórnar um liðið starfsár (Árni)

Árni segir frá störfum stjórnar og vekur áherslu á öfundsverða stöðu okkar með endurnýjanlega orku. og að nýsköpun blómstrar og fyrirtæki að skila góðri afkomu en halda þarf vel á spilunum að tryggja áfram aðgengi að orku. Starfsemi Orkuklasans þrífst vel í þessum frjóa jarðvegi.

Þurfum auknar rannsóknir og aukinn kraft í nýsköpun og ríkulegan mannauð allt sem ráðherra benti á einnig í sínu ávarpi.

Orkuklasinn er sterkur vettvangur þar sem mikið starf hefur verið unnið; IGC dró að hundruð manna og kvenna í Hörpu skilaði sterkri fjárhagsstöðu klasans og undirbúningur er að hefjast fyrir næstu ráðstefnu 2027. Fjárfestingarsjóður hefur hafið samtal við fjárfesta og vonast til að hann hefji störf áður en árið er liðið, þessi sjóður ásamt IS Afl mun breyta fjárfestingaumhverfi á Íslandi. Þá er umræða um samruna Orkuklasans og GEORG en búið er að undirrita viljayfirlýsingu og niðurstaða vænt í sumar.

Árni rekur árin sem hann hefur verið viðloðin starfsemi Orkuklasans og tilkynnir um að nú sé mál að linni og tími til að skila góðu búi áfram til annarra en þakkar kærlega fyrir sig.

Trúnaður

Þær upplýsingarnar sem settar eru fram í þessu skjali eru eign Orkuklasans og skulu ekki notaðar í öðrum tilgangi en þeim sem eru tengd verkefnum Orkuklasans nema liggi fyrir skriflegt samþykki sem kveður á um annað frá Orkuklasanum. Um innihald þessa skjals gildir trúnaður og þar af lútandi er óheimilt að deila þeim upplýsingum án skriflegs samþykkis frá Orkuklasanum. Þess lags deiling skal einungis gerð að því marki að tryggt sé að samstarfsaðilar geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart Orkuklasanum. Eingöngu er heimilt að deila til einstaklinga sem hafa verið upplýstir um og hafa samþykkt að fylgja kröfum um trúnað. Afrit eða útdráttir sem innihalda upplýsingar sem koma fram í þessu skjali skal meðhöndla á sama hátt (ef heimild liggur ekki fyrir slíku) og ber að afhenda til Orkuklasans þegar þess er óskað.

4. Ársreikningar lagðir fram 2024 (Rósbjörg)

Rósbjörg vekur athygli á að öll ættu að vera komin með ársreikning í tölvupósti til aflestrar.

Ársreikningar eru endurskoðaðir af KPMG. Umtalsverð hækkun í afkomu milli ára skýrist af innkomu vegna IGC. Rekstrarkostnaður hækkaði milli ára, starfsmanna kostnaður og annar kostnaður hækka einnig en rekja má það til IGC. Rekstrarafgangur félagsins er 33 MISK.

Ársreikningar og skýrsla var samþykktur einróma með lófaklappi.

5. Fjárhags og starfsáætlun næsta árs (Rósbjörg)

Rósbjörg minnir á að Orkuklasinn er ekki hagsmunasamtök heldur þverfaglegt samstarf en kjarninn í starfseminni eru félagarnir sjálfir. Tilgangurinn með samstarfinu er að brúa bilið á milli ólíkra aðila, vinna saman að því að skapa verðmæti og finna lausnir framtíðar með því að stuðla að nýsköpun. Aðgerðaráætlun byggist á 1) Nýsköpun og þróun, 2) Fræðsla og þjálfun og 3) Alþjóðasamskipti

IS – AFL: fjárfestingafundir eru í gangi, leiðandi afl í að stuðla að nýsköpun á Íslandi. Fjárfesta í verkefnum sem styðja við orkutengda starfsemi og frekari þróun á því sviði. Samstarf Íslandssjóða og Orkuklasans. Aukin framþróun og verðmætasköpun í samvinnu við félagana unnin undir hatti Orkuklasans. Nokkrir staðfest þátttöku aðrir hvattir til að óska eftir kynningu og taka þátt.

IGC 2027 – undirbúningur hafinn, ný heimasíða í smíðum sem kemur vonandi í loftið í haust, búið að skipa fagnefnd um ráðstefnu og nýsköpunarverðlaun sem veitt verða á ráðstefnunni.

Almennt klasastarf, kortlagning Innovation Map kynnt í Nýsköpunarviku. Hlutverk framkvæmdastjóra að ýta undir samstarf en ekkert gerist án félaganna, hægt að skrá sig með í faghópa Orkuklasans og taka þátt.

Rósbjörg tók þátt í ACT Cluster um energy resilience in the North Atlantic en umsókn fór inn í NORA sem keyrir af stað 16 okt ef hún er samþykkt. Einnig með kynningar á Orkuklasanum t.d. fyrir Colombia og í Brussel á Our Climate Future með Íslandsstofu og Grænvangi.

Cluster management excellence – búið að endurverkja viðurkenningu á starfseminni og að við beitum klasastjórnun í starfinu.

Aðgerðaráætlun hefur unnið eftir þeim markmiðum og ábyrgðum sem ákveðnar voru. Starfið hefur gengið vel. Áherslur í forgrunni eru þær sem félagar hafa kallað eftir t.d. í könnun sem var send út. Skilaboð úr könnuninni lögðu áherslu á að hafa einn vettvang. Fréttabréf einnig aðgengileg á heimasíðu núna, send út mánaðarlega. Rósa hefur hitt nýja aðila og búið að setja upp fundardagskrá með aðilum. Samskiptastefnu hefur verið frestað til haustsins og mun þá ná að taka tillit til mögulegra breytinga á starfinu á næstu mánuðum.

Vinnustofa um nýsköpun og áherslu (focus) hópfundir og kallað verður aftur á hópana til að setja upp aðgerðaráætlun sem byggir á niðurstöðu kortlagningarinnar á nýsköpun, innovation map.

Tengsl styrkt við vísindasamfélagið með samvinnu við nemendur úr HR og HÍ, fundur með GGA og IRENA. Hvatningarverðlaun OK 2025 á stefnuskránni fyrir haustið.

Trúnaður

Þær upplýsingarnar sem settar eru fram í þessu skjali eru eign Orkuklasans og skulu ekki notaðar í öðrum tilgangi en þeim sem eru tengd verkefnum Orkuklasans nema liggi fyrir skriflegt samþykki sem kveður á um annað frá Orkuklasanum. Um innihald þessa skjals gildir trúnaður og þar af lútandi er óheimilt að deila þeim upplýsingum án skriflegs samþykkis frá Orkuklasanum. Þess lags deiling skal einungis gerð að því marki að tryggt sé að samstarfsaðilar geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart Orkuklasanum. Eingöngu er heimilt að deila til einstaklinga sem hafa verið upplýstir um og hafa samþykkt að fylgja kröfum um trúnað. Afrit eða útdráttir sem innihalda upplýsingar sem koma fram í þessu skjali skal meðhöndla á sama hátt (ef heimild liggur ekki fyrir slíku) og ber að afhenda til Orkuklasans þegar þess er óskað.

Alþjóðahópur treystir brúnna við Íslandsstofu, Utanríkisráðuneyti og Grænvang. Virkt samtal heldur áfram ásamt undirbúningur IGC og leit að tækifærum með félögum. Samstarf skoðað við Danish Energy Cluster.

Rekstraráætlanir 2025 og 2026 lagðar fram, áhersla lögð á að rekstur sé breytilegur og aðhald því mikilvægt. Að öllu óbreyttu gætum við séð aukinn slagkraft í starfseminni með fjárfestingasjóðnum og ráðstefnunni. Sjóðurinn og ráðstefnan eru viðskiptatækifærin sem áhersla er lögð á til að efla starfsemina.

Gert er ráð fyrir 5% hækkun félagsgjalda og gert ráð fyrir að ráða starfsmann í september en miðað á 1-3 milljónir í rekstrarafgang til að hafa vaðið fyrir neðan sig.

Aukinn fjöldi félaga, fjárframlög frá IGC, framlög út af fjárfestingasjóð, mögulegir styrkir og aðrar tekjur skapa tækifæri til að gera meira – sem er spennandi.

Rósbjörg þakkar sérstaklega fyrir samtöl við félaga sem skipta miklu máli í starfinu og óskar eftir enn meira samtali og að félagar hafi einnig frumkvæði að þeim.

Engar spurningar úr sal. Fjárhags og starfsáætlun samþykkt einróma með lófaklappi.

6. Tillögur að breytingum á gjaldskrá (Anna)

Stjórn Orkuklasans leggur til 5% hækkun á félagsgjöldum og að hún komi til frá og með 1.7.2025.

Mánaðargjald // árgjald

Flokkur 1 150.938 - 1.725.000

Flokkur 2 108.675 - 1.242.000

Flokkur 3 48.300 552.000

Flokkur 4 75.469 852.500 (dótturfyrirtæki FL1)

Einyrkjar/nýsköpunarft e 2 ár greiða eingreiðslu kr 60.000.-

Tillagan samþykkt með lófaklappi.

7. Tillögur að breytingum á samþykktum (Anna)

Borin er upp tillaga að breytingu á samþykktum sem hér segir:

Grein 10 (ný grein):

Orkuklasanum er heimilt að nýta fjárhagslegan afrakstur verkefna sem unnin eru á vettvangi klasans til fjárfestinga í verkefnum sem stjórn klasans telur líkleg til að nýtast stórum hópi aðildarfélaga. Áform um slíkar fjárfestingar og kjör þeirra, sem og fyrirhuguð sala á slíkum fjárfestingum, skal ávallt bera upp á stjórnarfundum klasans til samþykktar eða synjunar. Telji stjórn klasans fyrirhugaða fjárfestingu eða sölu

Trúnaður

Þær upplýsingarnar sem settar eru fram í þessu skjali eru eign Orkuklasans og skulu ekki notaðar í öðrum tilgangi en þeim sem eru tengd verkefnum Orkuklasans nema liggi fyrir skriflegt samþykki sem kveður á um annað frá Orkuklasanum. Um innihald þessa skjals gildir trúnaður og þar af lútandi er óheimilt að deila þeim upplýsingum án skriflegs samþykkis frá Orkuklasanum. Þess lags deiling skal einungis gerð að því marki að tryggt sé að samstarfsaðilar geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart Orkuklasanum. Eingöngu er heimilt að deila til einstaklinga sem hafa verið upplýstir um og hafa samþykkt að fylgja kröfum um trúnað. Afrit eða útdráttir sem innihalda upplýsingar sem koma fram í þessu skjali skal meðhöndla á sama hátt (ef heimild liggur ekki fyrir slíku) og ber að afhenda til Orkuklasans þegar þess er óskað.

hennar vera af þeirri stærðargráðu og/eða mikilvægi að bera þurfi hana undir aðildarféлага klasans skal hún borin upp á félags- eða aðalfundi klasans. Klasanum er ekki heimilt að taka lán til slíkra fjárfestinga.

Greinar 10-21 fá þá nýtt númer en verða að öðru leyti eins og áður

Tillagan samþykkt einróma með lófaklappi.

8. Kjör stjórnar, varastjórnar og formanns stjórnar (Tryggvi)

Tryggvi Þór Haraldsson formaður kjörnefndar kynnti tillögu að stjórn. Kynnti þær samþykktir sem fylgt er við þá vinnu. Það eru greinar 13 og 17 í samþykktum félagsins.

Listi nafna í kjörnefnd var birtur.

Tillaga um formann: Sigurður Atli Jónsson (Arctic Europe) og varaformaður Kristín Steinunnardóttir (COWI).

Á fundinum lögð fram eftirfarandi tillaga að stjórn / varastjórn:

- Birna Bragadóttir (Orkuveitan) / Helga Dögg Flosadóttir (Atmonia)
- Haraldur Hallgrímsson (LV) / Björk Þórarinsdóttir (HS Orku)
- Kristín Soffía Jónsdóttir (RARIK) / Sigurður Sigurðsson (Jarðboranir)
- Pétur Heide (Arion) / Þorvaldur Tolli Ásgeirsson (HD)
- Birta Kristín Helgadóttir (Efla) / Daði Þorbjörnsson (ISOR)
- Carine Chatenay (Verkís) / Þorvaldur Jakobsson (Landsnet)

Fundarstjóri leggur tillögu fyrir fundargesti.

Tillaga um formann, aðalstjórn og varastjórn: Samþykkt samhljóða með lófaklappi.

9. Kjör endurskoðenda reikninga (Anna)

Kristrún Ingólfssdóttir hjá KPMG endurkosin endurskoðandi.

10. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundarstjóri þakkar fyrir fundinn.

Sigurður Atli biður um orðið og þakkar fyrir traustið en hann hefur verið í stjórn hjá Orkuklasanum í þrjú ár ásamt því að hafa lengi verið á orkumarkaði á Íslandi. Við erum á tímamótum þar sem eftirspurn eftir endurnýjanlegri orku er mikil í heiminum í dag og mikilvægt að standa saman og þróa vel tækifærin.

Samvinna með háskólasamfélaginu – gríðarlega mikilvægt að ungt fólk sjái tilgang sem vísindamenn en einnig sem frumkvöðlar í endurvinnanlegri orku

Trúnaður

Þær upplýsingarnar sem settar eru fram í þessu skjali eru eign Orkuklasans og skulu ekki notaðar í öðrum tilgangi en þeim sem eru tengd verkefnum Orkuklasans nema liggi fyrir skriflegt samþykki sem kveður á um annað frá Orkuklasanum. Um innihald þessa skjals gildir trúnaður og þar af lútandi er óheimilt að deila þeim upplýsingum án skriflegs samþykkis frá Orkuklasanum. Þess lags deiling skal einungis gerð að því marki að tryggt sé að samstarfsaðilar geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart Orkuklasanum. Eingöngu er heimilt að deila til einstaklinga sem hafa verið upplýstir um og hafa samþykkt að fylgja kröfum um trúnað. Afrit eða útdráttir sem innihalda upplýsingar sem koma fram í þessu skjali skal meðhöndla á sama hátt (ef heimild liggur ekki fyrir slíku) og ber að afhenda til Orkuklasans þegar þess er óskað.

skortur á fjármögnun í endurvinnanlegri orku er veikleiki en mörg fjármálafyrirtæki eru aðilar að orkuklasanum en þarna er tækifæri til að vinna betur að því að góðar hugmyndir nái framgöngu en spennandi fjárfestingar felast í orkumálunum

samtal við samfélagið, orkuskipti loftslagsaðgerðir og sjálfbær hagkvæm nýting á auðlindum er háð góðum samskiptum við samfélagið en þarna má halda áfram að þróa samvinnuna

Sigurður Atli þakkar sérstaklega Árna fyrir gott og skemmtilegt samstarf og hlakkar til samstarfsins í Orkuklasanum.

Rósbjörg þakkar svo formlega Árna fyrir hans störf á vettvangi Orkuklasans og afhendir blómvönd og þakklætisvott og þakkar öllum fyrir fundinn.

Fundi slitið.

Trúnaður

Þær upplýsingarnar sem settar eru fram í þessu skjali eru eign Orkuklasans og skulu ekki notaðar í öðrum tilgangi en þeim sem eru tengd verkefnum Orkuklasans nema liggi fyrir skriflegt samþykki sem kveður á um annað frá Orkuklasanum. Um innihald þessa skjals gildir trúnaður og þar af lútandi er óheimilt að deila þeim upplýsingum án skriflegs samþykkis frá Orkuklasanum. Þess lags deiling skal einungis gerð að því marki að tryggt sé að samstarfsaðilar geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart Orkuklasanum. Eingöngu er heimilt að deila til einstaklinga sem hafa verið upplýstir um og hafa samþykkt að fylgja kröfum um trúnað. Afrit eða útdrættir sem innihalda upplýsingar sem koma fram í þessu skjali skal meðhöndla á sama hátt (ef heilmild liggur ekki fyrir slíku) og ber að afhenda til Orkuklasans þegar þess er óskað.